

**Nd.** **568. Breytingartillögur** [161. mál]

við frv. til laga um fjölskylduráðgjöf.

Frá minni hl. félagsmálanefndar (JS og GHelg).

1. 1. gr. orðist svo:

Gera skal ráðstafanir til þess, að foreldrar eigi kost á fjölskylduráðgjöf er taki til fræðslu um uppeldi barna, leiðbeininga í sambúðar- og skilnaðarmálum og annarra málefna er varða hag og þroska barna og fjölskyldna þeirra. Félagsmálaráðuneytið skal starfrækja miðstöð fjölskylduráðgjafar og skal sérfræðingur á þessu sviði veita henni forstöðu. Félagsmálaráðuneytið setur reglugerð um hvernig háttað verði greiðslu fyrir þjónustu miðstöðvarinnar samkvæmt gjaldskrá.

2. 2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda til 31. des. 1985.